

2015:8 • 11. september 2015

Landsframleiðslan 2014 – endurskoðun

Gross Domestic Product 2014 – revision

Samantekt Landsframleiðsla jókst að raungildi um 1,8% á árinu 2014 og hefur hún ekki áður verið hærrí. Neysla og fjárfesting dró hagvöxtinn áfram en þjóðarútgjöld jukust um 5,2%.

Einkaneysla jókst um 3,1%, samneysla um 1,8% og aukning fjárfestingar nam 15,4%. Útflutningur jókst um 3,1% á sama tíma og innflutningur jókst um 9,8% þannig að þótt verulegur afgangur yrði af vöru- og þjónustuviðskiptum á liðnu ári, eða 124,5 milljarðar króna, dró utanríkisverslun úr hagvexti.

Vöxtur fjárfestinga hefur ekki verið meiri frá árinu 2006, en hún jókst árið 2014 um 15,4%, þar af var aukning íbúðafjárfestingar 14,8% og fjárfesting atvinnuveganna 16,3%.

Halli á launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum var fremur lítill, annað árið í röð, samkvæmt niðurstöðum Seðlabanka Íslands. Það ásamt afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum leiddi til jákvæðs viðskiptajafnaðar á árinu 2014. Hann nam rúmum 83,5 milljörðum króna, 4,2% af landsframleiðslu á árinu. Til samanburðar var viðskiptajöfnuður jákvæður um tæpa 124 milljarða árið 2013 á verðlagi þess árs.

Viðskiptakjör bötнуðu um 1,8% á árinu 2014 sem ásamt jákvæðum viðskiptajöfnuði varð til þess að þjóðartekjur jukust umfram vöxt landsframleiðslu eða um 3,0%. Árið 2013 jukust þjóðartekjur aftur á móti um 11,9%.

Einkaneysla sem hlutfall af landsframleiðslu var 52,6% á síðasta ári. Í sögulegu samhengi hefur þetta hlutfall verið mjög lágt síðustu sjö árin. Samneysla var 24,4% af landsframleiðslu sem er svipað hlutfall og verið hefur undanfarinn áratug en til samanburðar var þetta hlutfall um eða undir 20% á árabílinu 1980–1990.

Hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu var 16,7% á liðnu ári og hefur þetta hlutfall haldist í sögulegu lágmarki um nokkurt skeið. Sambærilegt hlutfall fyrir OECD-ríkin í heild hefur verið um eða rétt undir 20% undanfarinn aldarfjórðung.

Sjötta árið í röð er afgangur af viðskiptum Íslands við útlönd. Afgangur vöru- og þjónustuviðskipta nam 6,3% af landsframleiðslu á liðnu ári og 8,0% á árinu 2013. Á árunum 1998–2008 var halli á þessum viðskiptum að árinu 2002 undanskildu og framlagið til landsframleiðslu því neikvætt öll árin.



Hagvöxtur 1,8% á árinu 2014,
3,9% árið 2013


Hagstofan birtir nú endurskoðun á þjóðhagsreikningum fyrir árið 2014. Samkvæmt henni nam landsframleiðsla ársins 2014 1.989 milljörðum króna en það er tæpum 111 milljörðum eða 5,9% hærrí fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðslan að raungildi um 1,8% samanborið við 3,9% vöxt árið áður. Landsframleiðsla á liðnu ári er meiri að raungildi en hún hefur áður verið og er nú 0,3% meiri en árið 2008.

Að teknu tilliti til mannfjöldaaukningar, sem nam 1,1%, jókst landsframleiðsla á mann að raungildi um 0,7% árið 2014 en hafði árið áður vaxið um 2,9%. Raungildi landsframleiðslunnar hefur enn ekki náð gildum áráanna 2007 og 2008 sé miðað við íbúafjölda.

Niðurstöður áráanna 1997–2013 hafa einnig verið endurskoðaðar frá því sem birt var í mars 2015 og breyttist hagvöxtur sum árin lítillega, mest árin 2009 og 2010. Samdráttur ársins 2009 var 0,5 prósentustigum minni en áður og fyrir árið 2010 0,5 stigum meiri. Ástæða þessa er aðallega endurskoðun á niðurstöðum fyrir óbeint mælda fjármálaþjónustu og fjárfestingu í rannsóknum og þróun vegna nýrrar gagnaöflunar.

Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu

Figure 1. GDP growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013 og 2014. Preliminary data 2013 and 2014.

Einkaneysla jókst um 3,1%

Einkaneysla jókst um 3,1% á árinu 2014 sem er meiri vöxtur en síðustu ár en árið 2013 jókst hún um 1,0% og um 1,9% árið 2012. Á árunum 2009 til 2010 dróst einkaneyslan saman um 9,5% en hefur farið vaxandi síðan. Að raungildi er hún orðin álíka og árið 2005 en hafa ber í huga að á tímabilinu hefur Íslendingum fjölgað um tæp 11%.


Á árinu 2014 var einkaneysla 71% meiri að raungildi en hún var á árinu 1990 en á sama tíma hefur landsframleiðsla vaxið um 92% og mannfjöldinn um 28%. Einkaneysla á mann hefur því aukist um 33% en landsframleiðsla um 49%.

Einkaneysla 52,6%
af landsframleiðslu

Árið 2014 reyndist hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu vera 52,6% sem er svipað og árið 2013 en það fór lægst í 51% árin 2009–2010. Í sögulegu samhengi er þetta hlutfall mjög lágt, en það var á bilinu 55–61% milli áráanna 1980 og 2007.

Mynd 2. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu

Figure 2. Private final consumption and GDP, volume indices



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013 og 2014. Preliminary data 2013 and 2014.

Samneysla
jókst um 1,8%

Samneysla jókst um 1,8% á liðnu ári en hún jókst um 1,1% árið 2013 og dróst saman um 1,8% árið 2012. Þótt vöxturinn sé meiri en síðustu ár þá er hann mun minni en árin 2005–2008 þegar hann var 3,4–4,9% á ári.

Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneysla 24,4% á liðnu ári sem er svipað og síðustu ár en fremur hátt í sögulegu samhengi.

Endurskoðað uppgjör fjármála hins opinbera fyrir árið 2014, með ýtarlegum sundurliðunum, verður birt í Hagtíðindum, *Fjármál hins opinbera 2014, endurskoðun*, hinn 15. september næstkomandi.


Myndarlegur vöxtur fjárfestingar

Fjárfesting jókst um 15,4% á síðasta ári en á árinu 2013 dróst hún saman um 1,0% og jókst um 5,3% árið 2012. Mjög dró úr fjárfestingu á árunum 2007–2010 og nam samdrátturinn 47,8% árið 2009 og 8,6% árið 2010. Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu nam 16,7% á árinu 2014 og hefur þetta hlutfall haldist í sögulegu lágmarki síðustu sex árin. Sambærilegt hlutfall fyrir OECD-ríkin í heild hefur verið mun stöðugra, um eða rétt undir 20% undanfarinn aldarfjórðung. Þótt fjárfestingin hafi aukist er hún enn um fjórðungi lægri en hún var fyrir 10 árum og er að raun-gildi svipuð og árin 1999 og 2002.

Atvinnuvegafjárfesting jókst um 16,3% árið 2014 en á árinu 2013 dróst hún saman um 6,9%. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði jókst um 14,8% í fyrra, samanborið við 10,8% aukningu árið 2013. Fjárfesting hins opinbera jókst um 12,8% á liðnu ári en um 12,1% árið 2013.

Mynd 3. Magnvísitala fjárfestingar og helstu undirlíða

Figure 3. Gross fixed capital formation, volume indices by main components



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013 og 2014. Preliminary data 2013 and 2014.

Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins ýmist til hækkunar eða lækkunar. Þessi stærð skiptir oft sköpum varðandi heildarfjárhæðir í fjárfestingu og utanríkisviðskiptum en áhrif á landsframleiðslu eru aftur á móti lítil sem engin þar sem fjárfestingaráhrifin vega á móti áhrifum á utanríkisviðskipti. Hvað árið 2014 varðar eru þessi áhrif óveruleg en atvinnuvega-fjárfesting að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst á síðasta ári um 16,2% og fjárfesting alls um 16,3%.

Þjódarútgjöld jukust um 5,2%

Þjódarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, jukust um 5,2% að raungildi á liðnu ári og er það mesti vöxtur þeirra frá árinu 2006. Árið 2013 jukust þau um 0,2% og um 1,5% árið 2012.

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum


Heildarútflutningur jókst um 3,1% árið 2014. Þar af jókst vöruútflutningur um 1,7% og útflutningur á þjónustu um 4,8%. Á sama tíma jókst innflutningur um 9,8%, þar af á vörum um 9,3% og á þjónustu um 10,7%. Þrátt fyrir að innflutningurinn hafi aukist nokkuð umfram útflutning varð verulegur afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á árinu 2014, eða 124,5 milljarðar króna, samanborið við 150,1 milljarð króna afgang árið áður á verðlagi hvors árs.

Undanfarin fimm ár hefur útflutningur vöru og þjónustu verið afar mikill, mældur sem hlutfall af landsframleiðslu. Útflutningur hefur verið vel yfir 50% síðustu fimm ár og var 53,6% árið 2014. Þetta eru hærri hlutföll en sést hafa frá því að gerð þjóðhagsreikninga hófst á Íslandi árið 1945 og má meðal annars rekja til verulegrar fjölgunar ferðamanna til Íslands.

Aukning innflutnings hefur ekki mælst meiri milli ára frá árinu 2006 og á það bæði við um vörur og þjónustu. Hlutfall innflutnings af landsframleiðslu er einnig sögulega hátt, var 47,4% árið 2014 en það fór hæst í 50,9% árið 2012.

Mynd 4. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu

Figure 4. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013 og 2014. Preliminary data 2013 and 2014.


Þjóðarútgjöld jukust umfram landsframleiðslu

Meiri aukning innflutnings en útflutnings að raungildi olli því að landsframleiðsla jókst mun minna en sem nam vexti þjóðarútgjalda, eða 1,8% samanborið við 5,2% aukningu þjóðarútgjalda. Árið 2013 jók hagstæður jöfnuður vöru- og þjónustuviðskipta hagvöxt en þá hækkuðu þjóðarútgjöldin um 0,2% en landsframleiðslan um 3,9%. Á árinu 2012 var meira jafnvægi í vextinum en þá jukust þjóðarútgjöld um 1,5% en landsframleiðsla um 1,2%.

Undanfarin fimm ár hefur landsframleiðslan að raungildi vaxið um 5% en þjóðarútgjöldin um 8%. Frá árinu 1990 hafa þjóðarútgjöldin aukist um 70% en verg landsframleiðsla um 92%.

Mynd 5. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 5. Contribution to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013 og 2014. Preliminary data 2013 and 2014.


Meiri vöxtur þjóðartekna

Við mat á afkomu þjóðarbúsins eru þjóðartekjur ekki síður áhugaverð stærð en landsframleiðsla, en þar er tekið tillit til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og til launa- og fjáreignatekna til og frá útlöndum (að stærstum hluta vaxta- og arðgreiðslur). Viðskiptakjör bötnuðu nokkuð á árinu 2014 eða sem nam 1,8% af landsframleiðslu fyrra árs og er það viðsnúningur eftir hafa versnað þrjú ár í röð, en árið 2013 versnuðu þau um 1,2% og um 1,7% árið 2012. Verð á útfluttum vörum og þjónustu lækkaði á árinu 2014 um 1,1% í íslenskum krónum en verð á innfluttum vörum og þjónustu lækkaði meira, eða um 4,2%. Á sama tíma styrktist krónan en einnig kemur til verðlækkun á mikilvægum innflutningsvörum, t.d. á olíu.

Halli á launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum jókst lítillega eða um 14 milljarða króna á síðasta ári. Þjóðartekjur jukust meira en sem nam vexti landsframleiðslu eða um 3,0% samanborið við 1,8% vöxt landsframleiðslu. Hallinn minnkaði verulega á árinu 2013, um 141 milljarð og þrátt fyrir óhagstæða þróun viðskiptakjara það ár jukust þjóðartekjur um 11,9%, mun meira en nam vexti landsframleiðslu sem var 3,9%. Þjóðartekjur á liðnu ári voru að raungildi svipaðar og þær voru árið 2007, voru 1,6% lægri. Frá árinu 2009 hafa þær að raungildi aukist um 25,6%.

Mynd 6. Magnvísitala landsframleiðslu og þjóðartekna

Figure 6. GDP and GNI, volume indices



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013 og 2014. Preliminary data 2013 and 2014.

Þrátt fyrir meiri halla á launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum á síðasta ári og neikvæðan vöruskiptajöfnuð er viðskiptajöfnuðurinn án rekstrarframlaga jákvæður vegna 135 milljarða afgangar á þjónustuviðskiptum við útlönd. Afgangur af viðskiptum við útlönd nam tæpum 84 milljörðum króna, 4,2% af landsframleiðslu. Hann hefur aldrei verið meiri frá því gerð þjóðhagsreikninga hófst á Íslandi árið 1945, að árinu 2013 undanskildu, þegar hann nam 6,6% af landsframleiðslu.


Hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu

Hér að ofan er landsframleiðsla metin út frá ráðstöfunarhlið, með því að meta útgjöld þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. Framleiðsla er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 7 eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 2010–2014 en þar kemur fram hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu. Í töflu 6 eru sýndar magnvísitölur framleiðslunnar í sömu atvinnugreinaskiptingu.

Tölur þessar eru byggðar á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til ársins 2012, bráðabirgðatölum fyrir árið 2013 og áætlun fyrir árið 2014.

Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu (tekjuvirði)

Figure 7. The share of labour and capital in GDP (factor cost)




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013 og 2014. Preliminary data 2013 and 2014.

Hlutur vinnuafis og fjármagns

Framleiðslu í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölu þess sem launþegar bera úr bítum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2014 er talið að í hlut launþega hafi komið um 62,2% af því sem til skipta var en fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr bítum um 37,8%. Launahlutfall á árinu 2014 nokkuð hærra en á árinu 2013, þegar það var 60,0%. Launafjárhæð á árinu 2014 er áætluð með hliðsjón af tiltækum gögnum um launabreytingar milli 2013 og 2014 en launafjárhæðir fyrri ára eru fengnar úr framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til 2013.

Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD-rikjunum

Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013 og 2014. Preliminary data 2013 and 2014.

Hagvöxtur í OECD-ríkjum
árið 2014

OECD hefur áætlað að á liðnu ári hafi landsframleiðsla í ríkjum OECD í heild aukist um 1,8% sem er sami vöxtur og hér á landi. Á árinu 2013 jókst landsframleiðsla OECD-ríkjanna um 1,4% samanborið við 3,9% vöxt hér á landi.

Miklar sveiflur hafa einkennt hagþróun á Íslandi og framan af tíunda áratug síðustu aldar var hagvöxtur hér á landi mun minni en í OECD-ríkjum í heild. Ef lítið er yfir allt tímabilið 1990–2013 reyndist árlegur meðalvöxtur á Íslandi 2,6% samanborið við 2,1% í OECD-ríkjunum í heild.

Endurmat landsframleiðslu og hagvaxtar

Niðurstöður þjóðhagsreikninga vegna fyrri ára hafa breyst lítillega frá síðustu birtingu í mars á þessu ári. Árið 2013 tók Hagstofan yfir könnun á útgjöldum vegna rannsókna og þróunar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Niðurstöðurnar eru nú notaðar við endurmat á fjármunamyndun og landsframleiðslan leiðrétt aftur til 1997. Samkvæmt nýjum niðurstöðum voru útgjöld hins opinbera vanmetin í fyrri mælingum en útgjöld atvinnuveganna ofmetin. Fjárhæð landsframleiðslunnar lækkar svolítið við þessar endurbætur eða sem nemur um 0,1%. Óbeint mæld fjármálaþjónusta var endurskoðuð aftur til ársins 2003 með tilliti til fyllri gagna. Sú endurskoðun hafði áhrif á einkaneyslu, samneyslu og þjónustuviðskipti við útlönd. Auk þess leiddi bætt gagnasöfnun til lítilsháttar endurskoðunar á birgðabreytingum aftur til 2007 og samneyslu aftur til 1998.

Tafla 1. Landsframleiðsla, sundurliðun breytinga

Table 1. Gross Domestic Product, changes

Verðlag hvers árs, ma. kr. <i>Billion ISK at current prices</i>	1997	2007	2009	2011	2012	2013	2014
Verg landsframleiðsla eldri							
Gross Domestic Product Old	540	1.374	1.586	1.703	1.780	1.881	1.993
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	0,1	-2,0	2,7	0,8	0,5	2,7	-2,2
Samneysla <i>Government final consumption</i>	-1,0	-1,9	0,3	1,0	-0,2	0,7	0,2
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	-0,9	-1,6	-1,6	-2,1	-2,9	-2,9	0,6
Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	0,0	0,7	0,2	0,0	0,0	0,0	0,6
Vöru- og þjónustujöfnuður <i>Balance of trade in goods and services</i>	0,0	-5,0	2,3	-2,4	-2,2	-2,6	-3,3
Verg landsframleiðsla ný							
Gross Domestic Product new	539	1.364	1.589	1.701	1.775	1.879	1.989
Breyting í % á ári <i>Change % per year</i>	-0,3	-0,7	0,2	-0,2	-0,3	-0,1	-0,2

Þær breytingar sem gerðar hafa verið hafa lítil áhrif á hagvöxt. Mestu áhrifin eru árin 2009, þegar samdrátturinn var ofmetinn um 0,5% og 2010, þegar hann var vanmetinn um 0,5%.

Tafla 2. Endurskoðun á hagvexti milli ára 1998–2013*Table 2. Revision of economic growth 1998–2013*

Ár <i>Year</i>	Hagvöxtur skv. birtingu í mars 2015 <i>Economic growth published in March 2015</i>	Hagvöxtur nú <i>Economic growth now</i>	Breyting <i>Change</i>
1998	6,4	6,5	0,1
1999	4,2	4,2	0,0
2000	4,7	4,7	0,0
2001	3,8	3,8	0,0
2002	0,5	0,5	0,0
2003	2,7	2,7	0,0
2004	8,2	8,2	0,0
2005	6,0	6,0	0,0
2006	4,2	4,2	0,0
2007	9,7	9,5	-0,2
2008	1,2	1,5	0,3
2009	-5,1	-4,7	0,5
2010	-3,1	-3,6	-0,5
2011	2,4	2,0	-0,4
2012	1,3	1,2	-0,1
2013	3,6	3,9	0,3

Hagstofan vinnur nú að endurskoðun á mati á einkaneyslu. Stefnt er að því að birta endurskoðaðar niðurstöður í september á næsta ári. Áformað var að ljúka við endurmat á svartri atvinnustarfsemi fyrir þessa útgáfu. Ekki tókst að ljúka þeirri vinnu nú en stefnt að birtingu á þeim niðurstöðum í september 2016.

Ýtarlegra talnaefni á netinu

Auk þess talnaefnis, sem hér birtist í Hagtíðindum, er vísað til ýtarlegs talnaefnis á vef Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaraðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga.

English summary

*1.8% growth in GDP in 2014,
3.9% in 2013*

The revised annual national accounts for 2014 show a 1.8% increase in Gross Domestic Product (GDP) in real terms. In 2013, GDP increased by 3.9% and by 1.2% in 2012. The economic growth in 2014 is mainly driven by a large increase in the gross domestic final expenditure which increased by 5.2%, the largest increase since year 2006. At the same time a reduced trade balance surplus decreased the GDP growth.

Household final consumption increased by 3.1% and government final consumption by 1.8% while gross fixed capital formation increased by 15.4%. At the same time, exports grew by 3.1% and imports increased by 9.8%. This resulted in a 124.5 billion ISK surplus in the balance of trade in goods and services in 2014 compared to 150.1 billion ISK in 2013.

*3.0% increase in GNI in 2014,
11.9% increase in 2013*

Despite the decreased surplus in the balance of trade in 2014 and somewhat higher deficit in primary income from abroad, according to figures from the Central bank of Iceland, the current account surplus is still large, 83.5 billion ISK or 4.2% of GDP, compared to current account all time high surplus of 124 billion ISK or 6.6% of GDP in 2013.

During 2014 the terms of trade improved by 1.8% of GDP of the previous year having a similar impact on Gross National Income (GNI). This development and the positive current account balance led to 3.0% growth in GNI compared to 11.9% growth in 2013.

*Household final consumption
52.6% of GDP*

In 2014 the share of household final consumption of GDP was 52.6%. Until 2008 this share used to be higher, in the range of 55–61%, but since then it has diminished considerably. Government final consumption amounted to 24.4% of GDP, the same share as for year 2013. Preliminary figures for General government finances for 2014 will be published in Statistical series on 15th September 2015.

The share of gross fixed capital formation (GFCF) was 16.7% of GDP in 2014, experiencing a historically low share for the last six years. A comparable figure for the OECD total has been around 20% on average during the last quarter of a century. In real terms, gross fixed capital formation in 2014 is still 25% under the level of year 2004.

*Revisions of previous
year's results*

Some revisions have been made effecting the national accounts results for previous years, 1997–2013. New and better source data are now used in the measures of R&D which has an impact on the GFCF and the GFCE. Research and Development was revised downward for the industries (mainly sector 11) but revised upward for Government final consumption expenditure (GFCE, sector 13). The revision goes back to year 1997 but the overall impact is small, approximately -0.1% of GDP. Revisions of the external trade balance and the GFCE are mainly due to improvements in the source data for FISIM. Changes in inventories are revised back to 2007 due to improved data collection. The effect on the economic growth from all these revisions is from -0.5% in year 2010 to 0.5% in year 2009.

Statistics Iceland is working on revision of the Private Final Consumption Expenditure and aims to publish revised results in September 2016. Work on improving measures of the hidden economy for the production approach is in progress with the aim of publishing revised results in September 2016.

Tafla 3. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 2009–2014

Table 3. Gross Domestic Product and Gross National Income 2009–2014

Milljónir króna á verðlagi hvers árs <i>Million krónur current prices</i>	2009	2010	2011	2012	2013 ¹	2014 ¹
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	814.310	828.973	879.710	947.233	986.998	1.046.248
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	394.925	399.381	420.425	434.989	458.198	484.463
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	238.807	226.755	261.613	284.516	287.532	331.975
4. Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	-2.121	-2.231	3.357	1.800	-4.953	2.045
5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	1.445.920	1.452.878	1.565.104	1.668.538	1.727.775	1.864.730
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	791.773	869.551	962.536	1.011.435	1.046.179	1.066.763
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	459.377	502.089	562.698	576.340	561.036	568.316
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	332.395	367.462	399.838	435.095	485.143	498.448
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	648.288	704.328	827.133	904.483	895.254	942.233
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	403.986	438.225	526.252	564.308	553.211	578.621
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	244.303	266.103	300.881	340.174	342.044	363.612
8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i>	1.589.405	1.618.101	1.700.507	1.775.490	1.878.700	1.989.260
9. Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Primary incomes received from abroad, net</i>	-288.457	-260.898	-211.856	-168.184	-26.963	-40.998
10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i>	1.300.948	1.357.203	1.488.651	1.607.306	1.851.737	1.948.262
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga <i>Balance on current account</i>	-144.973	-95.675	-76.453	-61.232	123.962	83.532
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob <i>Balance on goods</i>	55.392	63.865	36.446	12.031	7.826	-10.306
11.2 Þjónustujöfnuður fob/fob <i>Balance on services</i>	88.093	101.359	98.957	94.921	143.099	134.836
11.3 Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó <i>Balance on primary income from abroad</i>	-288.457	-260.898	-211.856	-168.184	-26.963	-40.998

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 4. Raunbreyting landsframleiðslu og þjóðartekna 2009–2014**

Table 4. Volume changes in Gross Domestic Product and Gross National Income 2009–2014

Raunbreyting frá fyrra ári, % ¹ <i>Volume changes on previous year, %¹</i>	2009	2010	2011	2012	2013 ²	2014 ²
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	-9,2	-0,3	2,5	1,9	1,0	3,1
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	-1,1	-3,7	-0,1	-1,8	1,1	1,8
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	-47,8	-8,6	11,6	5,3	-1,0	15,4
5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i>	-17,5	-2,5	3,5	1,5	0,2	5,2
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	8,3	1,0	3,4	3,6	6,7	3,1
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	9,0	-4,4	2,7	3,4	3,7	1,7
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	7,0	8,5	4,4	3,8	10,7	4,8
7. Frádráttur: Innflutningur alls <i>Less: Imports of goods and services</i>	-22,4	4,4	6,8	4,6	0,2	9,8
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	-27,7	2,9	6,8	2,3	-0,3	9,3
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	-10,2	7,0	6,7	8,7	0,9	10,7
8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i>	-4,7	-3,6	2,0	1,2	3,9	1,8
10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i>	-5,8	1,1	4,8	2,8	11,9	3,0

¹ Raunbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegum keðjutengingum. *Volume changes are based on annual chain linking.*² Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 5. Einkaneysla 1990–2014

Table 5. Household final consumption expenditure 1990–2014

	1990	1995	2011	2012	2013 ¹	2014 ¹
Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices						
Matur og drykkjarvörur <i>Food, beverages and tobacco</i>	50.843	55.116	159.687	174.595	187.062	198.316
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	16.926	17.969	33.957	34.799	36.602	37.316
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	38.016	44.625	194.210	204.314	211.796	229.484
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	15.920	17.841	56.448	61.885	68.288	70.894
Heilsugæsla <i>Medical care and health expenses</i>	4.421	6.889	26.450	27.735	29.276	30.797
Samgöngur og póstur og sími <i>Transport and communication</i>	29.032	33.539	139.517	161.980	167.891	179.130
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	25.010	35.661	96.934	105.645	111.623	125.289
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	13.736	18.367	69.553	77.927	91.100	105.058
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	13.027	17.323	71.630	74.401	73.790	76.320
Einkaneysla innanlands alls						
Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market	206.931	247.329	848.385	923.283	977.429	1.052.603
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	17.129	18.940	87.934	99.118	105.416	115.663
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-9.140	-12.246	-89.223	-109.630	-132.747	-161.914
Einkaneysla heimila alls						
Household Final Consumption Exp. of Resident Households	214.920	254.023	847.095	912.770	950.097	1.006.351
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	7.175	9.267	32.614	34.463	36.900	39.896
Einkaneysla alls Private Final Consumption Expenditure	222.095	263.290	879.710	947.233	986.998	1.046.248
Hlutfallsleg skipting, % Percentage breakdown						
Matur og drykkjarvörur <i>Food, beverages and tobacco</i>	23,7	21,7	18,9	19,1	19,7	19,7
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	7,9	7,1	4,0	3,8	3,9	3,7
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	17,7	17,6	22,9	22,4	22,3	22,8
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki <i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	7,4	7,0	6,7	6,8	7,2	7,0
Heilsugæsla <i>Medical care and health expenses</i>	2,1	2,7	3,1	3,0	3,1	3,1
Samgöngur og póstur og sími <i>Transport and communication</i>	13,5	13,2	16,5	17,7	17,7	17,8
Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál <i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	11,6	14,0	11,4	11,6	11,7	12,4
Hótel og veitingastaðir <i>Restaurants and hotels</i>	6,4	7,2	8,2	8,5	9,6	10,4
Ýmsar vörur og þjónusta <i>Miscellaneous goods and services</i>	6,1	6,8	8,5	8,2	7,8	7,6
Einkaneysla innanlands alls						
Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market	96,3	97,4	100,2	101,2	102,9	104,6
Útgjöld Íslendinga erlendis <i>Direct purchases abroad by resident households</i>	8,0	7,5	10,4	10,9	11,1	11,5
Útgjöld útlendinga á Íslandi <i>Direct purchases in the domestic market by non-resident households</i>	-4,3	-4,8	-10,5	-12,0	-14,0	-16,1
Einkaneysla heimila alls						
Household Final Consumption Exp. of Resident Households	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	3,3	3,6	3,9	3,8	3,9	4,0
Einkaneysla alls Private Final Consumption Expenditure	103,3	103,6	103,9	103,8	103,9	104,0

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 6. Fjármunamyndun 2012–2014
 Table 6. *Gross fixed capital formation 2012–2014*

	Verðlag hvers árs, millj. kr. <i>Million ISK at current prices</i>			Magnbreyting frá fyrra ári, % ¹ <i>Volume changes on previous year, per cent¹</i>		
	2012	2013 ²	2014 ²	2012	2013 ²	2014 ²
Fjármunamyndun alls <i>Gross fixed capital formation, total</i>	284.516	287.532	331.975	5,3	-1,0	15,4
Atvinnuvegir alls <i>Business sector investment</i>	193.633	183.378	212.205	7,9	-6,9	16,3
Landbúnaður og skógrækt <i>Agriculture and forestry</i>	7.607	9.371	11.576	4,8	21,1	24,0
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	7.567	1.356	6.649	-27,6	-82,4	381,9
Matvælavinnsla <i>Manufacture of food products and beverages</i>	8.807	11.123	13.212	43,6	25,0	20,5
Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	24.330	12.929	9.505	-36,1	-47,2	-25,0
Annar iðnaður <i>Other manufacturing</i>	11.482	11.840	13.612	12,1	0,0	13,4
Rafvirkjanir, raf-, hita- og vatnsveitur <i>Production and distribution of electricity and water</i>	25.557	25.016	23.368	-7,9	-3,7	-6,1
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	2.624	13.961	19.839	15,3	420,8	42,0
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	9.327	10.130	12.861	-35,2	6,9	28,3
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	4.167	4.508	5.696	3,9	6,4	27,8
Flugsamgöngur <i>Air transport</i>	4.487	4.894	2.213	84,1	11,6	-53,6
Flutningar, ferðaskrifstofur o.þ.h. <i>Travel agencies and tour operators n.e.c.</i>	5.663	6.551	8.465	18,3	12,9	28,8
Samgöngur <i>Transport</i>	2.558	3.215	3.836	96,0	25,9	23,0
Fjarskiptaþjónusta <i>Telecommunications</i>	4.737	5.603	6.509	1,9	17,4	19,3
Fjármálaþjón., váttryggingar og önnur fjármálastarfsemi <i>Financial intermediation and insurance</i>	6.653	3.089	2.491	146,2	-53,1	-12,6
Fasteignaviðskipti <i>Real estate activities</i>	12.197	6.367	8.771	223,0	-48,8	38,0
Ýmis leigustarfsemi og tölvuþjónusta <i>Computer and related activities</i>	27.457	13.996	15.913	323,3	-49,8	15,2
Rannsóknir og þróunarstarf <i>Research and development</i>	8.274	10.432	11.082	-16,4	21,4	3,7
Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities</i>	3.062	10.857	14.726	-80,1	244,3	34,3
Annað <i>Other n.e.c.</i>	17.076	18.139	21.882	41,4	4,7	22,5
Íbúðarhús alls <i>Residential construction</i>	44.880	50.826	58.812	6,9	10,8	14,8
Starfsemi hins opinbera <i>Public works and buildings</i>	46.003	53.328	60.958	-6,1	12,1	12,8
Vegir og brýr <i>Roads and bridges</i>	6.285	9.071	11.930	-15,4	39,6	29,6
Götur og holræsi <i>Streets and sewers</i>	7.440	7.705	7.110	43,0	0,2	-9,1
Byggingar hins opinbera <i>Public buildings</i>	14.957	16.277	19.403	15,8	5,2	17,5
Önnur fjárfesting hins opinbera <i>Other public investment</i>	17.321	20.276	22.515	-26,5	13,2	9,8
Atvinnuvegir alls, tegundaskipting <i>Business sector investment, type of assets</i>	193.633	183.378	212.205	7,9	-6,9	16,3
Fólksbifreiðar <i>Motor vehicles for industrial use</i>	4.954	5.149	6.965	-1,7	1,5	36,0
Skip og skipsbúnaður, flugvélar o.fl. <i>Ships, aircrafts and pertaining equipments</i>	31.603	9.295	11.223	256,2	-70,2	22,1
Verksmiðju-, iðnaðarvélar og tæki <i>Manufacturing machinery and equipments</i>	31.524	25.844	23.277	-21,9	-18,1	-7,4
Skrifstofuáhöld og tæki <i>Office machinery and computers</i>	28.740	33.833	37.598	-9,4	29,0	14,4
Vélar og tæki til jarðvegsvinnu og mannvirkjagerðar <i>Machinery tools for quarrying and construction</i>	19.883	21.501	26.968	66,7	8,1	29,0
Mannvirki <i>Construction</i>	51.391	61.111	78.023	-18,1	15,7	26,5
þar af byggingar <i>thereof buildings</i>	25.719	29.370	52.116	-27,3	10,4	74,8
Annað <i>Other n.e.c.</i>	25.539	26.645	28.151	-3,7	-0,6	2,2

¹ Magnbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegri keðjutengingu. *Volume changes are based on annual chain linking.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 7. Skipting landsframleiðslunnar á framleiðsluþætti 2009–2014

Table 7. Cost components of Gross Domestic Product 2009–2014

Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices	2009	2010	2011	2012	2013 ²	2014 ²
1. Verg landsframleiðsla Gross Domestic Product	1.589.405	1.618.101	1.700.507	1.775.490	1.878.700	1.989.260
2. Vörutengdir skattar Taxes on products	173.696	183.527	195.695	212.280	219.479	232.451
3. Vörutengdir styrkir Subsidies on products	13.719	14.051	15.037	15.764	13.833	14.054
4. Vinnsluvirði á grunnverði (4.=1.-2.+3.)						
<i>Value added, basic prices (4.=1.-2.+3.)</i>	1.429.428	1.448.625	1.519.849	1.578.974	1.673.054	1.770.863
5. Aðrir skattar á framleiðslu Other taxes on production	37.052	37.160	37.572	42.671	47.713	82.064
6. Aðrir styrkir á framleiðslu Other subsidies on production	14.287	13.438	13.964	14.494	16.897	15.094
7. Vergar þáttatekjur (7.=4.-5.+6.-10.)						
<i>Gross factor income (7.=4.-5.+6.-10.)</i>	1.406.663	1.424.904	1.496.241	1.550.797	1.642.239	1.703.894
8. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	739.278	778.473	853.024	913.977	986.076	1.060.032
9. Vergur rekstrarafgangur (9.=7.-8.)						
<i>Operating surplus, gross (9.=7.-8.)</i>	667.385	646.430	643.217	636.820	656.163	643.862
9.1 Bókfærðar afskriftir						
<i>Consumption of fixed capital (business acc.)</i>	259.127	250.828	252.406	262.913	295.736	...
9.2 Hreinn rekstrarafgangur <i>Operating surplus, net</i>	408.284	395.629	391.824	375.001	361.491	...

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 8. Magnvísitölur atvinnuvega og landsframleiðslunnar í heild 2010–2014**

Table 8. Gross Domestic Product by industries, volume indices 2010–2014

Magnvísitölur, 2005=100 Volume indices, 2005=100	2010	2011	2012	2013 ¹	2014 ¹
A. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar Agriculture, forestry and fishing	90,6	94,1	98,2	101,4	91,8
Þar af fiskveiðar There of fishing	86,4	89,1	92,4	95,7	83,8
B.–E. Framleiðsla, námugróftur, veitur og meðhöndlun úrgangs					
<i>Mining; manufacturing; electricity; water supply; waste management</i>	117,3	123,8	126,8	131,4	134,3
F. Byggingarstarfsemi Construction	52,6	51,1	51,6	55,8	58,4
G.–I. Verslun, samgöngur, rekstur veitinga- og gististaða					
<i>Wholesale & retail trade; transportation; accomod. and food service</i>	97,8	103,3	109,1	115,0	120,4
J. Upplýsingar og fjarskipti Information and communication	98,5	104,5	110,5	118,1	121,4
K. Fjármála- og váttryggingarstarfsemi Financial and insurance activities	235,0	233,6	230,3	228,1	242,4
L. Fasteignaviðskipti Real estate activities	128,8	131,5	130,3	132,4	134,4
M.–N. Ýmis sérhæfð þjónusta Other service activities	91,0	92,9	92,5	97,9	101,2
O.–Q. Opinber stjórnýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta					
<i>Public adm.; education; human health and social work activities</i>	96,7	97,9	96,3	97,0	98,7
R.–U. Önnur starfsemi Other activities	120,1	113,6	113,9	117,2	120,1
Allar atvinnugreinar Total industries	110,0	113,1	114,8	118,6	121,2
Breyting frá fyrra ári, %					
<i>Percentage change from previous year, %</i>	-2,5	2,8	1,5	3,3	2,2
Til samanburðar: Breyting skv. útgjaldauppgjöri, %					
<i>Memorandum: Change according to expenditure approach, %</i>	-3,6	2,0	1,2	3,9	1,8

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 9. Hlutfallsleg skipting landsframleiðslu eftir atvinnuvegum 2010–2014
Table 9. Gross Domestic Product by industries, percentage breakdown 2010–2014

Hlutfallsleg skipting <i>Percentage breakdown</i>	2010	2011	2012	2013 ¹	2014 ¹
A. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar <i>Agriculture, forestry and fishing</i>	7,2	7,6	7,7	6,8	6,0
Þar af fiskveiðar <i>There of fishing</i>	6,1	6,4	6,4	5,5	4,7
B.–E. Framleiðsla, námugróftur, veitur og meðhöndlun úrgangs <i>Mining; manufacturing; electricity; water supply; waste management</i>	19,4	20,7	18,9	18,7	18,7
F. Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	4,2	4,3	4,6	4,8	4,9
G.–I. Verslun, samgöngur, rekstur veitinga- og gististaða <i>Wholesale & retail trade; transportation; accommod. and food service</i>	15,5	17,0	17,1	17,7	18,2
J. Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	3,6	4,4	4,2	4,9	4,9
K. Fjármála- og váttryggingastarfsemi <i>Financial and insurance activities</i>	11,6	7,7	8,7	7,4	7,7
L. Fasteignaviðskipti <i>Real estate activities</i>	10,6	10,1	9,6	9,8	10,0
M.–N. Ýmis sérhæfð þjónusta <i>Other service activities</i>	6,7	7,1	7,0	7,3	7,4
O.–Q. Opinber stjórnisýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Public adm.; education; human health and social work activities</i>	18,5	18,6	18,9	19,4	19,3
R.–U. Önnur starfsemi <i>Other activities</i>	3,2	3,1	3,1	3,0	3,0
Allar atvinnugreinar <i>Total industries</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

100. árg. • 30. tbl. 2015:8

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir • gudrun.jonsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series